

Svanur Daníelsson

Til : Pétur Ingi Haraldsson
Frá : Svanur Daníelsson
CC : Torfi G Yngvason ;Rannveig Grétarsdóttir
Heiti : Umsókn um breytingu á skilmálum deiliskipulags, Oddeyrarbót 2
Málsnúmer. : 2018060488
Málsaðili : Hvalaskoðun Akureyri ehf.
Skjalategund : T-póstur
Skráð dags : 19.6.2018
Höfundur : Svanur Daníelsson

Athugasemdir

[180619-hvalaskodun-frumdrog.pdf](#)

Sæll Pétur Ingi,

Samkvæmt samtali þá eru núverandi lóðarhafar að Oddeyrarbót 2 að vinna í því að koma niður á byggingarlausn sem að samræmist þeirri framtíðarsýn og viðskiptaþróun sem þeirra fyrirtæki vinna að.

Lóðarhafar standa m.a. fyrir hvalaskoðunarfyrirtækinu Hvalaskoðun Akureyri ehf þar sem er boðið upp á fjölbreytt úrval hvalaskoðunarferða og annarra náttúruupplifanana, hluti þeirrar starfsemi verður hýstur í viðkomandi byggingu. Mikill fjöldi ferðamanna fer í ferðir með fyrirtækinu og er upplifun ferðamannsins mikilvæg frá því hann fær fyrstu upplýsingar þar til hann yfirgefur þjónustumiðstöðina eftir ferð. Því skiptir það lóðarhafa miklu máli að geta boðið upp á fallega aðstöðu þar sem viðskiptavinurinn fær góða þjónustu og einstaka upplifun. Byggingin þarf að geta tekið á móti og þjónustað mikinn fjölda fólks á stuttum tíma en einnig að geta þjónustað þá sem staldra við fyrir eða eftir ferð eða þá sem eiga leið hjá og vilja njóta útsýnisins yfir höfnina, Hof og Akureyri.

Lóðarhafar hafa ásamt Teiknistofu Arkitekta unnið að lausnum til að uppfylla núverandi deiliskipulag. En m.t.t. lóðarforms, byggingarreits, byggingarreglugerðar, lögum um aðbúnað og hollustuhætti og þeirrar þjónustu sem lóðarhafar vilja veita sínum viðskiptavinum þá duga þeir 200 fermetrar sem fyrirskrifaðir eru í deiliskipulagi, ekki til. Því óskar lóðarhafi eftir því að fá leyfi til byggingar á tveimur hæðum og að leyfilegt byggingarmagn innan lóðar verði 300 fermetrar.

Teiknistofa Arkitekta hefur unnið drög að mögulegu fyrirkomulagi á þeirri byggingu sem um ræðir, sjá hjálagt. Eins og sjá má á þeim teikningum og ásyndum er um látlausa fallega byggingu að ræða með léttri efri hæð og vel nýtanlegu útisvæði í kringum byggingu og á efri hæð. Byggingin fellur vel inn í umhverfið en býður jafnframt upp á að skapa skemmtilega hafnarstemningu í og við húsið hvort sem er fyrir ferðamenn sem og Akureyringa.

Vinsamlegast veitið þessari fyrirspurn umsögn og við útvegum að sjálfsögðu frekari upplýsingar sé þess óskað.

F.H.

Hvalaskoðun Akureyri ehf

Svanur Daníelsson

Verkefnastjórnun / Project Management

Hönnun - Innkaup - Ráðgjöf - ÖHU

Fornubúðir 5, Hafnarfirði

GSM: +354 621 1212